

Reglugjörð

um

skifting starfa milli bæjarlæknis og hjeraðslæknis í Reykjavíkurhjerði.

1. gr.

Bæjarlæknir skal leysa af hendi þá almennu kvöð, sem á hjeraðslæknum hvílir, að gegna sjúklingum hvenær sem þörf krefur.

Hann skal annast öll þau störf, sem hjeraðslækni eru ætluð:

1. Í þeim lögum og reglum, sem sett eru því til varnar, að næmir sjúkdómar berist til landsins
2. Í þeim lögum og reglum, sem sett eru um varnir gegn berklaveiki.
3. Í þeim lögum og reglum, sem gilda um bólusetningar.

Hann skal og hafa eftirlit með því, að öll þau fyrirmæli sjeu haldin, sem sett eru um hreinlæti og heilbrigði í öllum skólum í Reykjavíkurhjerði. Hann skal þar að auki skyldur að gerast skólalæknir í þeim skólum í hjerðinu, sem eingöngu eru kostaðir af ríkinu, öðrum en Háskólanum og hinum almenna mentaskóla.

2. gr.

Hjeraðslæknir skal gegna öllum öðrum hjeraðslæknisstörfum, þeim sem ekki eru talin í 1. grein.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52, 27. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavík.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

Reglugjörð

um

skemtanskatt í Reykjavík.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 29. nóvember 1918 ákveðst hjermeð að skatt skuli greiða af skemtunum fyrir alménning, sem haldnar eru í Reykjavík og aðganga er seld að.